



Ársskýrsla 2021

Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi



Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
A) Nemendur	3
<i>Samsetning nemenda</i>	3
<i>Þróun nemendafjölda</i>	3
<i>Hlutfall nemenda eftir búsetu</i>	4
<i>Samsetning nemenda eftir aldri og kyni</i>	4
B) Náám	5
<i>Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat</i>	5
<i>Námsframboð.....</i>	5
<i>Skipting nemenda á námsbrautir.....</i>	6
<i>Brottfall, námsárangur og námsframvinda</i>	8
<i>Brautskráning</i>	9
C) Starfsfólk, stjórnun og samstarf við aðra	10
<i>Fjöldi starfsfólks.....</i>	10
<i>Meðalaldur starfsfólks, allir</i>	10
<i>Aldursdreifing og menntun kennara</i>	10
<i>Jafnréttisáætlun, staða í árslok 2021</i>	11
<i>Samstarf við aðra</i>	11
D) Mat á skólastarfi, markmið og árangur	12
<i>Mat á skólastarfi.....</i>	12
<i>Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun</i>	13
<i>Áhersluverkefni – framvinda og ávinningur</i>	16
E) Fjármál – rekstur FVA.....	18
G) Prófill FVA.....	19
H) Fylgiskjöl.....	20
<i>Tímalínur.....</i>	20

Inngangur

Nám og kennsla árið 2021 einkenndist í byrjun af varúðarráðstöfunum vegna covid19. Þó tókst að halda úti staðnámi að mestu sem er afar mikilvægt fyrir okkar unga fólk. Félagslíf nemenda var með daufasta móti vegna samkomutakmarkana, þó tókst með herkjum að halda árshátíð í skólanum, Skuggakosningar tókust vel, femínistafélagið Bríet var endurreist og nýtt kynningarmyndband skólans var sett í loftið. Árlegri Tæknimessu sem vera átti í nóvember var frestað, sömuleiðis öðrum meiriháttar viðburðum og dansleikjum. En heilsueflyingarteymi skólans var ekki af baki dottið heldur aðlagðist aðstæðum og blés m.a. til hreyfiverkefnis sem bar heitið Göngum til góðs – til TENE. Verkefnið stóð í mánuð og um 200 manns hlupu, hjóluðu eða syntu vegalengd sem samsvaraði loftlínunni frá Akranesi til Tenerife og aftur heim, eða rúmlega 8000 km.

Upp kom á vordögum að 10. bekkur í Grundaskóla á Akranesi þurfti að hrökklast úr húsnæði sínu vegna myglu og gátum við sem betur fer skotið skjólshúsi yfir þau. Hópurinn sem telur 60 manns er enn hjá okkur í þremur kennslustofum þar sem ekki sér fyrir endann á húsnæðisvanda bæjarins. Endurbætur á kennslustofum starfsbrautar og aðstöðu náms- og starfsráðgjafa í B-álmu skólans voru orðnar brýnar fyrir löngu og fékkst loks samþykki Ríkiseigna fyrir þeim sem var mikið fagnaðarefni. Þó fékkst ekki vilyrði fyrir að taka nema helminginn af B-álmunni en vissulega þarf að taka hinn helminginn líka enda álíka illa farinn. Það vilyrði hefur ekki fengist því miður. Framkvæmdirnar áttu að hefjast í maí en það dróst fram í september að byrja á verkinu. Var því langt í frá lokið um áramótin og standa framkvæmdir enn þegar þetta er ritað (mars 2022). Ástæðan er aðallega sú að í ljós kom að húsnæðið var í verra ástandi en haldið var auk þess sem verulega skorti á eftirlit og eftirfylgni með verkinu og yfirsýn hjá Ríkiseignum.

Áhersla er lögð á lýðræðislega stjórnunar- og kennsluhætti í skólanum. Til að styrkja það var m.a. haldinn lýðræðisfundur 11. mars með nemendum og kennurum. Það skilaði góðum tillögum sem unnið var með og brugðist við á árinu, m.a. með endurskoðun almenns hluta námskrár skólans undir styrki stjórn áfangastjóra. Þá er áhersla lögð á að bæta ímynd skólans og efla mannauðinn. Stofnanasamningar voru endurskoðaðir og komið var að endurnýjun samnings við KÍ frá 2020. Þann 14. desember var skrifað undir nýjan samning sem skilaði kennurum umtalsverðum og langþráðum kjarabótum. Skrifað var undir samning við starfsmenn KVH og einnig var undirritaður farsæll stofnanasamningur við Verkalýðsfélag Akraness en það hafði verið dregið árum saman.

Kappkostað er að hafa gott upplýsingaflæði, bæði innan skólans og út á við og hafa samráð og samvinnu um helstu mál. Þá hefur metnaður verið lagður í fljóta og örugga tölvuþjónustu við starfsfólk og nemendur og hefur það verið til fyrirmyndar í FVA. Því var ekki mikil ánægja með innleiðingu og yfirfærslu í Menntaský sem allir framhaldsskólar voru skikkaðir í á árinu en við það tókum við skref til baka í þróuninni og borgum meira en áður fyrir lakari þjónustu. En við látum það ekki á okkur fá. Við horfum ekki um öxl heldur fram á við því í FVA er bjartsýnt dugnaðarfólk; alla daga ætlum við að bæta skólastarfið og efla vinnustaðinn okkar í hvívetna.

8. apríl 2022

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Frá 6. janúar 2021 var hægt að óska eftir [hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá](#). Þeir sem óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá eru skráðir „Kynsegin/annað“. Kynhlutlaus skráning er val einstaklings og forsjáraðila barna yngri en 15 ára. Á árinu 2021 voru engar kynhlutlausar skráningar hjá FVA. Í töflum sem varða tölfræði í þessari skýrslu eru því aðeins tilgreind kynin kk (karl) og kvk (kona).


A) Nemendur

Á vorönn 2021 voru 484 nemendur í námi við skólann og í upphafi annar á haustönn 2021 voru 547 nemendur skráðir í skólann.

Samsetning nemenda í dagskóla og í dreifnámi á árinu 2021, miðað við fjölda og kyn:

Vorönn 2021	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi
Dagskóli vorönn	217	58,7%	153	41,3%	370
Dreifnám vorönn	77	67,5%	37	32,5%	114
Samtals	294	60,74%	190	39,26%	484

Haustönn 2021	Karlar	Hlutfall kk. af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	251	62,13%	153	37,87%	404
Dreifnám haustönn	86	60,14%	57	39,86%	143
Samtals	337	61,61%	210	38,39%	547



Um 75% fjölgun varð í dreifnámi á haustönn 2021 miðað við haustönn 2020. Þannig hélt áfram fjölgun í dreifnámi sem var 65% á milli haustanna 2019 og haustanna 2020. Sem fyrr má ætla að fjölgunina megi rekja til aðgerða stjórnvalda vegna atvinnuleysis á covid19 tímum sem m.a. leiddi til aukinnar eftirspurnar í dreifnám, bæði í tréið og sjúkraliðanám.

Þróun nemendafjölda

Í töflunni er yfirlit yfir þróun nemendafjölda í dagskóla frá haustönn 2016:

H - 2016	V - 2017	H - 2017	V - 2018	H - 2018	V - 2019	H - 2019	V - 2020	H - 2020	V - 2021	H - 2021
437	367	433	384	434	386	404	361	431	370	404




Hlutfall nemenda eftir búsetu

Í hópi nemenda (allir) á vorönn 2021 voru karlar/piltar 294 en konur/stúlkur 190, samtals 484 nemendur. Á haustönn 2021 voru karlar/piltar 337 en konur/stúlkur 210, samtals 547 nemendur. Mikill meirihluti nemenda eða rúmlega 70% þeirra er frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit sem er ívið lægra hlutfall en á næstliðnum árum og tæplega 30% koma annars staðar að. Nemendur í dreifnámi búa flestir utan Vesturlands en fjöldi þeirra í námi við skólann hefur aukist umtalsvert miðað við 2019. Hér fyrir neðan er tafla yfir hlutfallstölur nemenda eftir búsetu á árinu 2021 og næstliðin ár.

Lögheimili	H-2021	V-2021	V-2020	H-2020	V- 2019	H- 2019
Akranes	68%	69%	73%	71%	74%	74%
Hvalfjarðarsveit	3%	4%	6%	4%	5%	6%
Borgarnes og Borgarfjörður	7%	6%	7%	6%	7%	6%
Aðrir staðir á Vesturlandi	8%	7%	6%	8%	5%	6%
Utan Vesturlands	14%	14%	8%	11%	9%	8%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Framangreint má einnig sjá myndinni hér fyrir neðan:



Samsetning nemenda eftir aldri og kyni

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á vorönn 2021					
Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls
	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	
1970 og fyrr		5		6	11
1971 - 1980		14		10	24
1981 - 1990		27		10	37
1991		3			3
1992	1	5	1	1	8
1993		5		3	8
1994		5			5
1995	2		1		3
1996	1	7	1	1	10

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á haustönn 2021					
Fæðingarár	Karlar		Konur		Alls
	Dagskóli	Dreifnám	Dagskóli	Dreifnám	
1970 og fyrr		6		9	15
1971 - 1980		12		17	29
1981 - 1990	1	34		14	49
1991		4		1	5
1992	1	3	1	2	7
1993	1	7		4	12
1994		6			6
1995	2	1	1		4
1996		7	1	2	10



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

1997	4	6	1	1	12	1997	6	4		1	11
1998	1		1	2	4	1998		1		3	4
1999	2		1	3	6	1999	1	1	2	4	8
2000	7		6		13	2000	5		1		6
2001	31		11		42	2001	15		3		18
2002	53		33		86	2002	40		17		57
2003	46		43		89	2003	40		36		76
2004	65		52		117	2004	65		47		112
2005	4		2		6	2005/2006	74		44		118
Samtals	217	77	153	37	484	Samtals	251	86	153	57	547

Vorönn 2021

16-19 ára, fjöldi samtals	298	61,6%	af heildarfj.
20-24 ára, fjöldi samtals	90	18,6%	af heildarfj.
25 ára +, fjöldi samtals	96	19,8%	af heildarfj.

Haustönn 2021

16-19 ára, fjöldi samtals	306	56%	af heildarfj.
20-24 ára, fjöldi samtals	124	23%	af heildarfj.
25 ára +, fjöldi samtals	117	21%	af heildarfj.

B) Nám

Skólanámskrá, kennsluhættir, námsmat

Á haustönn 2021 hófst endurskoðun á skólanámskrá og er gert ráð fyrir að ný skólanámskrá taki gildi í júní 2022. Þangað til gildir 16. útgáfa skólanámskrár FVA sem er frá því í ágúst 2019. Skólanámskrá er endurskoðuð reglubundið meðal annars með það að markmiði að tryggja ávallt gæði menntunar (styður heimsmarkmið SP um að auka gæði menntunar í framhaldsskólum). Þar er fjallað um skólastarfið almennt, námsframboð, kennsluhætti, þjónustu o.fl. Sjá [Skólanámskrá](#). Í kafla 2.3 er fjallað um námsmat, miðannarmat, verkefnaskil og prófreglur.

FVA starfar samkvæmt áfangakerfi. Skólaárið samanstendur af tveimur jafngildum önnum sem lýkur með námsmati. Miðað er við að ljúka stúdentsprófi á þremur árum og verknámi á þremur og hálfu til fjórum árum. Nemendur velja sjálfir áfanga á hverri önn í kennslukerfinu INNU, í samráði við áfangastjóra og námsráðgjafa. Nemendur hafa aðgang að kennsluáætlun, stundatöflu og bókalista í INNU. Kennslustundir eru 55 mínútur, tvöfaldur tími er einu sinni í viku í hverjum áfanga. Vegna covid19 breyttust kennsluhættir á árinu 2020 frá því að vera nær eingöngu staðkennsla í að vera fjarkennsla. Á árinu 2021 náðist hins vegar að mestu leyti að kenna allt í staðkennslu. Mikil reynsla fékkst af fjarkennslu á tímum covid19, reynsla sem kemur að góðum notum, t.d. þegar færð hamlar því að kennarar og nemendur komist í skólann, þá er gripið til fjarkennslu sem áður var ekki í boði.

Leitast er við að hafa námsmat í öllum áföngum fjölbreytt þar sem ólíkum matsaðferðum er beitt. Um miðja önn fer fram leiðbeinandi miðannarmat og í lok annar eru nokkrir námsmatsdagar þar sem blandast saman símat, leiðsagnarmat og lokapróf. Símat jókst áfram á árinu 2021 í samræmi við breytta kennsluhætti og samhlíða fækkaði enn frekar hefðbundnum lokaprófum.

Námsframboð

Í töflu er yfirlit um námsframboð hjá FVA á árinu 2021. Á heimasíðu eru aðgengilegar frekari upplýsingar um [Námsframboð](#) og [Brautalýsingar](#):

Námsframboð	Brautir á vorönn 2021	Brautir á haustönn 2021
Almennt nám	Framhaldsskólabraut (FRH)	Framhaldsskólabraut (FRH)
	Félagsfræðabraut (FÉL)	Félagsfræðabraut (FÉL)
	Náttúrufræðabraut (NÁT)	Náttúrufræðabraut (NÁT)
Nám til stúdentsprófs	Opin stúdentsbraut (OS)*	Opin stúdentsbraut (OS)*
	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)	Viðbótarnám til stúdentsprófs (VIS)



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Iðnnám	Námsbraut í rafvirkjun (RK8)	Námsbraut í rafvirkjun (RK8)
	Námsbraut í rafvirkjun (RK9)	Námsbraut í rafvirkjun (RK9)
	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)	Námsbraut í rafvirkjun (RAF)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)	Námsbraut í húsasmíði (HÚ8)
	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)	Námsbraut í húsasmíði (HÚS)
	Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8)	Námsbraut í húsgagnasmíði (HS8)
	Grunnnám málmiðna (MG)	Grunnnám málmiðna (MG)
	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)	Námsbraut í vélvirkjun (VS8)
	Grunnnám bíliðngreina (GB)	Grunnnám bíliðngreina (GB)
	Sjúkraliðabraut (SJ)	Sjúkraliðabraut (SJ)
Starfstengt nám annað en iðnnám	Sjúkraliðabraut (SJÚ)	Sjúkraliðabraut (SJÚ)
	Starfsbraut (ST4)	Starfsbraut (ST4)
Nám fyrir nemendur með þroskahömlun og skyldar raskanir	Ótilgreint nám (ÓTN)	Ótilgreint nám (ÓTN)
Nám fyrir þá sem ekki ætla að ljúka námsbraut við skólann		

*Á opinna stúdentsbraut geta nemendur sérhæft sig t.d. á sviði íþróttar og heilsueflingar, lista og nýsköpunar, í tungumálum, tónlist eða í viðskiptagreinum.

Undirbúningur að nýrri braut, [félagsliðabraut](#), hófst á vorönn 2021 og var námið auglýst á haustönn 2021. Umsóknir urðu hins vegar ekki nægilegar margar til að hægt væri að fara af stað með námið. Þessi þarfi námskostur verður auglýstur betur á vorönn 2022 með það að markmiði að nám geti hafist á haustönn 2022.

Skipting nemenda á námsbrautir

Nemendur á vorönn 2021, samtals 484, skiptust þannig á námsbrautir:

Vorönn 2021	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildar-fjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Námsbrautir							
Framhaldsskólabraut	FRH	19	76,00%	6	24,00%	25	5,17%
Framhaldsskólabraut alls		19		6		25	5,17%
Félagsfræðabraut	FÉL	9	18,75%	39	81,25%	48	9,92%
Náttúrufræðabraut	NÁT	21	41,18%	30	58,82%	51	10,54%
Opin stúdentsbraut	OS	44	40,00%	66	60,00%	110	22,73%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	7	100,00%		0,00%	7	1,45%
Nám til stúdentsprófs alls		81	37,50%	135	62,50%	216	44,63%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	3	100,00%		0,00%	3	0,62%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	1	100,00%		0,00%	1	0,21%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	48	96,00%	2	4,00%	50	10,33%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	77	89,53%	9	10,47%	86	17,77%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	24	96,00%	1	4,00%	25	5,17%
Námsbraut í vélvirkjun	VÉL	14	100,00%		0,00%	14	2,89%
Iðnnám alls		167	93,30%	12	6,70%	179	36,98%



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi


Sjúkraliðabraut	SJÚ	3	9,68%	28	90,32%	31	6,40%
Sjúkraliðabraut	SJ						
Sjúkraliðabrautir alls		3	9,68%	28	90,32%	31	6,40%
Ótilgreint nám	ÓTN	10	83,33%	2	16,67%	12	2,48%
Ótilgreint nám alls		10	83,33%	2	16,67%	12	2,48%
Starfsbraut	ST4	15	71,43%	6	28,57%	21	4,34%
Starfsbraut alls		15	71,43%	6	28,57%	21	4,34%
Samtals		295	60,95%	189	39,05%	484	100,00%

Nemendur á haustönn 2021, samtals 547, skiptust þannig á námsbrautir:


Haustönn 2021 Námsbrautir	Skammst. brautar	Karlar	Hlutfall kk af heildarfj.	Konur	Hlutfall kvk af heildarfj.	Heildar- fjöldi	Hlutfall af samtals heildarfj.
Framhaldsskólabraut	FRH	14	82,35%	3	17,65%	17	3,51%
Framhaldsskólabraut alls		14		3		17	3,51%
Félagsfræðabraut	FÉL	5	12,82%	34	87,18%	39	8,06%
Náttúrufræðabraut	NÁT	23	46,94%	26	53,06%	49	10,12%
Opin stúdentsbraut	OS	66	46,48%	76	53,52%	142	29,34%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	2	100,00%		0,00%	2	0,41%
Nám til stúdentsprófs alls		96	41,38%	136	58,62%	232	47,93%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	1	100,00%		0,00%	1	0,21%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	1	100,00%		0,00%	1	0,21%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	72	93,51%	5	6,49%	77	15,91%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	93	88,57%	12	11,43%	105	21,69%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	18	94,74%	1	5,26%	19	3,93%
Námsbraut í vélvirkjun	VÉL	21	95,45%	1	4,55%	22	4,55%
Iðnnám alls		206	91,56%	19	8,44%	225	46,49%
Sjúkraliðabraut	SJÚ	3	6,00%	47	94,00%	50	10,33%
Sjúkraliðabraut	SJ						
Sjúkraliðabrautir alls		3	6,00%	47	94,00%	50	10,33%
Ótilgreint nám	ÓTN	1	100,00%		0,00%	1	0,21%
Ótilgreint nám alls		1	100,00%	0	0,00%	1	0,21%
Starfsbraut	ST4	17	77,27%	5	22,73%	22	4,55%
Starfsbraut alls		17	77,27%	5	22,73%	22	4,55%
Samtals		337	61,61%	210	38,39%	547	100,00%

Á myndum hér fyrir neðan má sjá a) skiptingu nemenda á námsbrautir á vorönn og haustönn 2021 og b) skiptingu nemenda á brautir eftir kyni, meðaltal nemenda beggja anna.

a) skipting nemenda á námsbrautir á vorönn 2021 og haustönn 2021:



b) skipting nemenda á brautir eftir kyni, nemendur á ársgrundvelli (meðaltal nemenda beggja anna er 515,5 (V2021 484; H2021 547)):



Brottfall, námsárangur og námsframvinda

Brottfall nemenda á vorönn 2021 var 4,75% eininga sem er 0,45% meira en á vorönn 2020. Brottfall á haustönn 2021 var 6,11% sem 0,61% meira en á haustönn 2020.

Rýna þarf allar tölur vel og greina brotthvarfshópin hverju sinni. Rétt er að halda því til haga að hluti nemenda byrjar í bóklegu námi á fyrstu önn og flytur sig á iðnbraut síðar á námstímanum en brautaskipti teljast ekki brotthvarf. Með breytingum á INNU er fyrirhugað er að halda sérstaklega utan um brautaskipti en kynjahlutfall milli bók- og verknáms er sterk vísbending um að nemendur sem skipta um braut séu flestir drengir.

Ætíð er hugað að líðan nemenda og að veita þeim stuðning í námi til að auðvelda þeim að ljúka námi með góðum árangri á áætluðum námstíma (3 ár til stúdentsprófs, 4 ár til brautskráninga af iðnnámsbrautum). Á árinu 2021, í heimsfaraldri vegna covid19, var leitast við að aðstoða nemendur sem stóðu höllum fæti í náminu í einhverju tilliti, enn betur en áður. Þjónustunni sinntu náms- og starfsráðgjafar í 1,25 stöðugildi og geðhjúkrunarfræðingur en frá haustönn 2021 var starfshlutfall hans aukið úr 25% í 50% stöðu (25% hlutfall er í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands eins og áður). Námsaðstoð var einnig veitt í Verinu þegar sóttvarnareglur leyfðu.

Einnig er skólinn þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli og vinnur í gegnum það að því að styðja nemendur til heilbrigðs lífsstíls á öllum tímum.

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2021 var 7,2 og fallprósenta 14,3% en á haustönn 2021 var meðaleinkunn í skólanum 7,2 og fallprósenta 15,8%.

Námsframvinda; hér er átt við á hve löngum tíma nemendur ljúka námi. Eftirlit með námsframvindu og aðgerðir til eftirfylgni og úrbóta þegar þess þarf við er í samræmi við áherslur yfirvalda um að fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma (styður við heimsmarkmið SP). Í töflu hér neðar er yfirlit yfir námsframvindu næstliðinna ára. Nokkur fjöldi nemenda lýkur námi til stúdentsprófs á 3,5 eða 4 árum en horft er til þess að aukinn og markviss stuðningur við nemendur fjölgi þeim sem brautskrást á áætluðum námstíma. Þá er rétt að halda því til haga að hluti nemenda byrjar í bóklegu námi á fyrstu önn og flytur sig á iðnbraut síðar á námstímanum. Eftirlit með námsframvindu tengist m.a. markmiðum kjarnastarfsemi í stefnumiðaðri áætlun. Sjá yfirlit yfir árangur á síðastliðnum árum:

	Loknar einingar > 40 eftir 2 annir	Loknar einingar > 80 eftir 4 annir	Brautskráning á áætluðum námstíma (3 ár til stúd.prófs)
	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall lokinna ein.	Hlutfall
Vor 2018	82,90%	76%	43%
Vor 2019	83%	92%	44%
Vor 2020	84%	86%	44%
Vor 2021	75%	76%	43%

Brautskráning

Brautskráningarathöfn á vorönn 2021 var þann 28. maí og voru 55 nemendur brautskráðir.

Brautskráningarathöfn á haustönn 2021 var þann 18. desember og brautskráðir voru 45 nemendur.

Yfirlit yfir brautskráða á vorönn 2021 og haustönn 2021:

Brautskráningar frá FVA	Vorönn 2021		Haustönn 2021		Árið 2021 kk/kvk
	kk	kvk	kk	kvk	
Stúdentspróf	25	11	8	13	57
Brautskráning af iðnbraut	11		19		30
Brautskráning af starfsbraut	2	1	0	0	3
Meistaránám	1				1
Brautskráning af sjúkraliðabraut		1			1
Lokið viðbótarnámi eftir brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut	3		2		5
Lokið stúdentsprófi og brautskráningu af iðnbraut eða sjúkraliðabraut			3		3
Samtals	42	13	32	13	100
Samtals hvor önn	55		45		



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Skólastarfið 2021 var óvenjulegt í FVA eins og í öðrum framhaldsskólum vegna sóttvarnarráðstafana vegna covid19, rétt eins og á árinu 2020 og setti það svip sinn á nám og kennslu. Var það fært í annála sem eru aðgengilegir á heimasíðu FVA:

[Annáll vorannar 2021](#)

[Annáll haustannar 2021](#)

C) Starfsfólk, stjórnun og samstarf við aðra

Fjöldi starfsfólks

Fjöldi starfsfólks FVA á vorönn 2021 var 68, þar af 49 kennarar í 41,5 stöðugildum og annað starfsfólk 19 í 15,62 stöðugildum. Einn starfsmaður var í námsleyfi á önninni og annar í launalaus leyfi.

Fjöldi starfsfólks á haustönn 2021 var 68, þar af 50 kennarar í 41,19 stöðugildum og starfsfólk í öðrum störfum var 18 í 15,04 stöðugildum. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi á önninni.

Kennarar samtals 49 (41,5 stöðugildi) á vorönn 2021 og 50 (41,19 stöðugildi) á haustönn 2021:

Kyn	Vorönn 2021			Haustönn 2021		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	23	46,94%	21,09	24	48,00%	21,12
Konur	26	53,06%	20,41	26	52,00%	20,07
Heildarfj.	49		41,5	50		41,19

Annað starfsfólk samtals 19 (15,62 stöðugildi) á vorönn 2021 og 18 (15,04 stöðugildi) á haustönn 2021.

Kyn	Vorönn 2021			Haustönn 2021		
	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.	Fjöldi	Hlutfall af heildarfj.	Fj. stöðug.
Karlar	3	15,79%	2,5	3	16,67%	2,5
Konur	16	84,21%	13,12	15	83,33%	12,54
Heildarfj.	19		15,62	18		15,04

Meðalaldur starfsfólks, allir

Aldur starfsfólks 2021	Heildin	kk	kvk
Meðallífdur, ár	50,21	51,84	49,11
Meðalstarfsaldur, ár	8,89	9,58	8,41

Aldursdreifing og menntun kennara

Aldursdreifing kennara, karla og kvenna, í fullu starfi og í hlutastarfi var eftirfarandi:

Vorönn 2021			
Aldur	Í fullu starfi	Í hlutastarfi	Heild

Haustönn 2021			
Aldur	Í fullu starfi	Í hlutastarfi	Heild



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Í árum	Karlar	Konur	Karlar	Konur	kk/kvk	Í árum	Karlar	Konur	Karlar	Konur	kk/kvk
20 - 29	1			1	2	20 - 29	1	1		1	3
30 - 39	3	4	1	2	10	30 - 39	3	3	1	1	8
40 - 49	2	4	1	3	10	40 - 49	3	5	2	2	12
50 - 59	4	1		5	10	50 - 59	5	3		4	12
60 - 69	8	4	4	1	17	60 - 69	6	5	3	1	15
Samtals	18	13	6	12	49	Samtals	18	17	6	9	50

Á vorönn var 31 kennari í fullu starfi (32 á haustönn) og voru allir utan þrír með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum. Þá voru 18 kennarar í hlutastarfi á vorönn og sami fjöldi á haustönn; meirihluti þeirra (16 á vorönn og 14 á haustönn) var með kennsluréttindi og menntun í kennslugreinum:

Vorönn 2021						Haustönn 2021					
Menntun	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk	Menntun	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Heild kk/kvk
	Karlar	Konur	Karlar	Konur			Karlar	Konur	Karlar	Konur	
MA/MS/PhD+UK	5	7	3	5	20	MA/MS/PhD+UK	6	8	2	4	20
BA/BS+UK	3	5		3	11	BA/BS+UK	3	5	1	5	14
BA/BS	1	1		3	5	BA/BS	1	1		1	3
Iðnm. +UK	6		1	1	8	Iðnm. +UK	5		1		6
Iðnmeistari	2		1		3	Iðnmeistari	2				2
Sveinspróf	1			1	2	Sveinspróf		1	3	1	5
Annað					0	Annað					0
Samtals	18	13	5	13	49	Samtals	17	15	7	11	50

Stjórnendateymi skólans 2021 skipuðu skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, fjármálastjóri og gæðastjóri/verkefnastjóri mannauðsmála. Samtals 9 deildarstjórar störfuðu á árinu, 5 karlar og 4 konur sem héldu utan um eftirfarandi verkefni/námsgreinar:

Verkefni/námsgreinar deildarstjóra á árinu 2021	
Starfsbraut (KVK)	Tréiðngreinar (KK)
Málmiðngreinar (KK)	Tungumál (KVK)
Rafiðngreinar (KK)	Íslenska (KVK)
Stærðfræði, tölvufræði, viðskiptagreinar (KK)	Raungreinar, heilbrigðisgreinar og íþróttir (KK)
Samfélagsgreinar, saga og lífsleikni (KVK)	

Jafnréttisáætlun, staða í árslok 2021

Núgildandi [jafnréttisáætlun](#) skólans er frá 2020 og gildir til febrúar 2023. Skýrsla var send Jafnréttisstofu á fyrri hluta árs 2021 sem mat í kjölfarið að flest markmiðin skólans væru komin í höfn eða væru í farvegi. Upplýsingar um stöðu aðgerða í jafnréttisáætlun FVA gagnvart settum markmiðum og niðurstöður jafnréttisvísa, miðað við 31.12.2021 eru aðgengilegar í [Jafnréttisáætlun FVA, skýrsla vegna 2021](#).

Samstarf við aðra

Skólinn er í formlegu samstarfi með Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja um ýmis sameiginleg mál. Erfiðlega gekk að koma á fundum á árinu vegna smíðar. Fyrirhugað var að skólameistararnir þrír hittust 24. nóvember samhliða fundi með ráðuneyti á Selfossi en fundinum var síðan frestað vegna útbreiðslu covid19. Auk þess er haldið góðu sambandi við Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga um ýmis fagleg mál, skólameistarar MB og FVA áttu t.d. góðan hádegisfund 7. október um smíði á sameiginlegri sýn á námsframboð í verknámi. Skólinn á einnig samstarf við grunnskóla á Vesturlandi, t.d. varðandi innritun og félagslíf í skólanum. Þá á skólinn gott samstarf við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Stóriðjuskóla Norðurlands um námsframboð.



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Gott samstarf er haft við Akraneskaupstað. M.a. eru vikulegir fundir haldnir í stoðteymi FVA með fulltrúum frá Barnaverndarnefnd Akraneskaupstaðar. Einnig er haft gott samstarf við Tónlistarskólann á Akranesi og grunnskólana tvo í bænum. Kynning á námi í FVA, bæði bóknámi, iðnnámi og á afrekssviði í íþróttum, er alla jafna fastur punktur. Ekki tókst að fara með grunnskólakynningar til allra á svæðinu vegna smita á vordögum. En haldin var árleg stærðfræðikeppni grunnskólanna á Vesturlandi til að vekja áhuga nemenda á stærðfræði. Fyrirtæki á svæðinu styrktu keppnina með framlögum sem notuð eru í verðlaunafé. Á haustönn var í fyrsta sinn í boði áfangi í hljóðtækni í samvinnu við Tónlistarskóla Akraness sem gekk glimrandi.

Skólameistari situr í stjórn Þróunarfélags um nýsköpunarsetur á Breið á Akranesi og var fyrsti stjórnarfundur haldinn 30. september. Á Breið er FabLab-smiðja Akraness þar sem nemendur FVA eiga fasta tíma í stundatöflu og hefur skólinn skilað umsömdu framlagi ráðuneytis upp á 4 milljónir til félagsins. Einnig situr skólameistari í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Á árinu 2021 voru haldnir fjórir stjórnarfundir, þrír staðfundir og einn fundur haldinn með fjarfundabúnaðinum Teams. Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvarinnar var haldinn 24. mars 2021 á Hótel Hamri.

Skólameistari situr í nefnd um aukna virkni stofnanasamninga á vegum KÍ/FF og FS skv. bókun 3. Nefndin er fyrst og fremst samráðsvettvangur með tengingu við helstu aðila sem koma að stofnanasamningagerð í framhaldsskólum. Voru tveir fundir haldnir á árinu, 1. október og 26. nóvember.

Gjöfult samstarf er við Heilsugæslu Vesturlands (HVE) um nám og kennslu á sjúkraliðabraut. Skólinn er í samstarfi við HVE um nemendabjónustu og greiðir HVE 12,5% starfshlutfall geðhjúkrunarfræðings. Á árinu var starfshlutfallið hækkað í 50% en framlag HVE er óbreytt. Í nóvember var tilkynnt um aukið fjármagn frá ráðuneyti til geðheilbrigðisbjónustu við framhaldsskólana þrjá á Vesturlandi. Ekki náðist niðurstaða á árinu um hvernig eigi að koma þessu sem best fyrir.

Þrjú stór samstarfsverkefni við erlenda skóla voru á bið 2021 vegna covid19 en þó tókst fjórum nemendum að fara með kennara til Sevilla á Spáni í nóvember í verkefni sem kallast Schools for a Green Future. Á árinu fékkst samþykki fyrir nýju samstarfsverkefni sem heitir Be Green og koma fimm lönd að því auk Íslands, Frakkland, Búlgaría, Grikkland og Tyrkland. Á árinu gerðist FVA Erasmus+ skóli sem þýðir einfaldara umsóknarferli á hverju ári í erlend verkefni og tryggja aðgang að fjármagni.

Haldinn var einn skólanefndarfundur á árinu, 20. maí 2021. Þar var m.a. rætt um húsnæðismál og heimavistarreglur og nýtt skipurit skólans var samþykkt.

([fundargerð](#))

D) Mat á skólastarfi, markmið og árangur

Mat á skólastarfi

Sem fyrr voru gerðar ýmsar kannanir á árinu sem skólinn stóð fyrir eða tók þátt í en niðurstöður eru nýttar til leiðsagnar um hvað gengur vel og hvar þarf að gera betur. Umfjöllun um niðurstöður og mat er birt í árlegum [skýrslum um innra mat](#) í lok hvers skólaárs. Kannanir á árinu 2021 voru eftirfarandi:

Kennslukönnun sem gerð er á hverri önn. Þar gefst nemendum tækifæri til að koma á framfæri mati sínu á kennslu og námi.

Framhaldsskólapúlsinn (samræmd könnun lögð fyrir framhaldsskólanema - niðurstöður nýttar til að meta árangur af þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag).

Ungt fólk 2021 – Könnun sem Rannsókn og greining framkvæmir og nær til upplýsinga um vímuefnanotkun, nám og skóla, heilsu og líðan, frítíma o.fl.

Þjónustukannanir voru lagðar fyrir nemendum (mat á virkni nemendafélagsins, gæði sóttvarna o.fl.), útskrifaða nemendum (viðhorf til náms hjá FVA, gæða þess o.fl.), foreldra nýnema (viðhorf til ýmissa þjónustupátta) og starfsfólk (viðhorf til ýmissa þjónustupátta, viðmót o.fl.)

Innra mat er framkvæmt árlega í samstarfi skólameistara, aðstoðarskólameistara og gæðastjóra. Skýrslu um niðurstöður er skilað til ráðuneytisins. [Innra mat fyrir skólaárið 2020-2021](#) er aðgengilegt á vef skólans. Markmið með



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

matinu er að veita upplýsingar um starfshætti skólans og árangur, stuðla að umbótum og vera liður í skólaþróun. Jafnframt er það verkfæri til að tryggja að starfsemin sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá og að réttindi nemenda séu virt samkvæmt lögum um framhaldsskóla (40. gr. laga nr. 92/2008 með síðari breytingum).

Stofnun ársins. Starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis sem Gallup heldur utan um var lögð fyrir starfsfólk haustið 2021. Sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti. Niðurstöður lágu fyrir í mars 2022: Heildareinkunn FVA er 4,20 sem er ánægjulegt, meðal annars vegna þess að með því er settu árangursmarkmiði í stefnumiðaðri áætlun náð (sjá í næsta kafla). Einkunnin hækkaði um 0,22 stig frá 2020 og um 0,73 stig frá 2019. Þátttaka starfsfólks í könnuninni nú var 75,44% sem eitt og sér verður að teljast góður árangur. Þátttakan hefur vaxið milli ára en hún var 60% á árinu 2020 og aðeins 39% árið 2019. Allar einkunnir hækkuðu frá könnuninni 2020 utan einkunn fyrir vinnuskilyrði sem lækkaði um 0,16 stig. Leiða má að því líkur að miklar framkvæmdir innanhúss á árinu, m.a. á kennslustofum, með tilheyrandi óhagræði fyrir starfsfólk, hafi þessi áhrif. Aðrar einkunnir hækkuðu allar en mesta hækkun fá launakjör (0,73 stig) (stofnanasamningur við kennara var endurskoðaður á árinu), ímynd stofnunar (0,53 stig) og starfsandi (0,34 stig). Áfram verður unnið að því að gera enn betur á öllum sviðum. Helstu niðurstöður könnunarinnar aðgengilegar í heild sinni á vef [Sameykis](#).

Ytra mat fer fram á nokkurra ára fresti, þ.e. úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á því að framhaldsskólar uppfylli skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Síðasta úttekt á FVA fór fram árið 2017. Skýrslur yfir [niðurstöður ytra mats](#) eru birtar á vef skólans.

Markmið og árangur – stefnumiðuð áætlun

Stefnumiðuð áætlun FVA til þriggja ára, í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, var sett á árinu 2020. Þar koma fram sett markmið fram til 2023, aðgerðir og mælikvarðar sem eru lögð til grundvallar við mat á árangri, ávinningi fyrir starfsemina og ráðstöfun fjármuna í völdum þáttum. [Stefnuskjalið](#) í heild er aðgengilegt á vef skólans. Skólameistari ber ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin samræmist stefnunni. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir markmið og árangur á árunum 2020 og 2021 (litir í dálkunum *Árslok 2020* og *Árslok 2021*: Grænn; markmiði náð. Gulur; í vinnslu og framþróun. Rauður; í vinnslu en undir áætlun eða ekki komið í vinnslu). Yfirlitið verður aðgengilegt á heimasíðu skólans þegar Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur staðfest áætlunina. Í desember 2021 var áætlunin endurskoðuð og markmið til næstu ára uppfærð, þ.e. fyrir 2022-2024.

Markmið og árangur 2020-2023 - Kjarnastarfsemi	Aðgerðir			Árslok 2021	
A1 Að styðja við nemendur með annað móðurmál en íslensku	A1.1 Endurskoða námsefni og kennsluhætti í áfanganum ÍSAN, skilgreina þarfir nemenda sem taka áfangann og grípa markhópinn tímanlega. Nýir nemendur verði skráðir í áfangann að undangengnu innritunarviðtali.				
	A1.2 Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku og innleiða mentorkerfi þar sem leitað er til nemenda í FVA með að sinna þessum nýju nemendum með jafningafræðslu.				
	A1.3 Bæta almennt námsárangur (og fjölga loknum einingum) nemenda með annað tungumál en íslensku, með því að beina þeim í úrræði eins og Verið, stoðþjónustu skólans, fá sérstaka umsjón o.fl.				
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2021		Vor 2020 (19-20)	Árslok 2020	Vor 2021 (20-21)	Árslok 2021
Loknar einingar innritaðra nem. með annað móðurmál á ári (viðmið 2021 er 42)		38,5		34,8	á.e.v.
Brotthvarf (hætta eftir skólaárið án þess að útskrifast) (viðmið 2021 er <5%)		7%		25% (1 af 4 nem)	á.e.v.
Brautskráðir (viðmið 2021 25% af innrituðum H2017)		17%		75% (3 af 4 nem)	á.e.v.



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

A1.1; Árangur 2020: Aðgerðir til uppfyllingar markmiðum voru skilgreindar á árinu en ekki komnar til framkvæmda í lok ársins nema að takmörkuðu leyti sem er í samræmi við áætlun. Árangur 2021: Undirbúningur hófst vorið 2021 og fóru allir nýir nemendur í áfanganum í innritunarviðtal áður en skólinn hófst á haustönn 2021. A1.2; Árangur 2021: Undirbúningur hófst á vorönn 2021. Móttökuáætlun var gerð og unnið eftir henni; innleiðingu á mentorkerfi var frestað, það þarf betri undirbúning og áætlað að koma því á köppinn á skólaárinu 2022-2023. A1.3; Árangur 2021: Undirbúningur hófst á vorönn 2021. Sérstökum stuðningi var komið á og er fyrirhugað að gera enn betur á næsta skólaári með því m.a. að ráða náms- og starfsráðgjafa til sinna þessum hópi sérstaklega.					
Markmið og árangur 2020-2023 - Kjarnastarfsemi	Aðgerðir				Árslok 2021
A2 Að styðja sérstaklega við nemendur sem innritast með D á samræmdu grunnskólaprófi (framhaldsskólabraut)*	A2.1 Endurskoða námskrá FRH næstu þrjú ár og brautskrá formlega af brautinni (hefur ekki tíðkast), fyrst vorið 2021 ef hægt.				
	A2.2 Bæta verkefnastjórn með nemendur á FRH, bjóða þeim áhugasviðskönnun hjá námsráðgjafa og innritunarviðtal að vori. Undirbúningur hefst vorið 2021.				
	A2.3 Efla Verið, jafningjafræðslu í stærðfræði og íslensku a.m.k. Undirbúningur hefst vorið 2021.				
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020 og 2021		Vor 2020 (19-20)	Árslok 2020	Vor 2021 (20-21)	Árslok 2021
Loknar einingar á skólaári (viðmið 2021 er 42) - Nem. hefur fækkað og viðmið næst því ekki.		35,6		30,1	á.e.v.
Hlutfall útskrifaðra (0, ekki verið formleg brautskráning), áætlað í fyrsta sinn haust 2021. Ath. vegna vor 2021: Mælikvarðinn virkar ekki þar sem ekki reyndist áhugi hjá nemendum fyrir formlegri brautskráningu.		-	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
Skráning í áframhaldandi nám (eru í námi á þriðju önn) (viðmið 2021 er >95%). Nem. hefur fækkað og viðmið næst því ekki.		94%		59%	á.e.v.
A2.1; Árangur 2020: Aðgerðir til uppfyllingar markm. voru skilgreindar síðla árs 2020 og koma ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 2021. Árangur 2021: Undirbúningur hófst á vorönn. Fallið var frá formlegri brautskráningu, m.a. að höfðu samráði við nemendurna. Endurskoðun námskrár náðist ekki árinu en er hluti af heildarendurskoðun á námskrá skólans sem er í vinnslu í árslok 2021. A2.2; Árangur 2020: Áætlað að hefjast handa 2021. Árangur 2021: Innritunarviðtöl voru tekin að hausti (2021); Áhugasviðskannanir eru ekki hafnar og endurskoða þarf utnumhald. A2.3; Árangur 2020: Áætlað að hefjast handa 2021. Árangur 2021: Fræðslan í stærðfræði hófst á haustönn en íslenskan ekki komin af stað. Í lok haustannar er verið skoða hvort bæta eigi við jafningjafræðslu í rafiðngreinum. *Markmiðið A2 þarf að endurskoða í ljósi reynslu 2020 og 2021.					
Markmið og árangur 2020-2023 - Kjarnastarfsemi	Aðgerðir				Árslok 2021
A3 Að auka fjölbreytni í námsframboði og hlutdeild skapandi greina	A3.1 Skilgreina skapandi greinar, þarfagreining og greina markhóp/a. Undirbúningur hefst á vorönn 2021.				
	A3.2 Fjölga nemendum í skapandi greinum, t.d. með því að bjóða upp á valáfanga eins og FabLab, MeMa, EMPO o.fl. Undirbúningur hefst á vorönn 2021				
	A3.3 Bæta aðstöðu fyrir skapandi nám; kynna okkur aðstöðu í öðrum skólum. Undirbúningur hefst á vorönn 2021				
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020 og 2021		Vor 2020	Árslok 2020 (H2020)	Vor 2021	Árslok 2021 (H2021)
Fjöldi áfanga í list og sköpun (viðmið 2021 er 2 áfangar á önn)		1	4	4	5
Fjöldi nem. í áföngunum en markmið þó ekki tilgreint (eldri mælikvarði um loknar einingar gefur ekki rétta mynd)			33	38	38
Frá 2021: Nemendatölur eru ekki kyngreindar í þessum greinum frekar en öðrum.		-	á.e.v.	á.e.v.	á.e.v.
A3.1 - A3.3; Á árinu 2021 var haldið áfram við að efla skapandi greinar í FVA en grunnur var lagður á skólaárinu 2019-2020 með valáfanga í myndlist. Á skólaárinu 2020-2021 voru í boði tveir myndlistaráfangar auk grunnáfanga í myndlist og ljósmyndun og kenndur var áfanginn EMPO2EX05 Empowerment, þar sem sköpunarkraftur nemenda var virkjaður með sjálfsefningu, tjáningu og þælingum um tilfinningar, nánd og mörk. Áfanginn var áætlaður á haustönn 2021 en var frestað fram á vorönn 2022. Við tókum þátt í MenntaMaskínu, FabLab áfangar keyrðir á hverri önn í samstarfi við Nýsköpunarsetrið. Á vorönn 2021 kynntu skólastjórnendur sér aðstöðu fyrir myndlist og skapandi greinar í TS. Áfram verður unnið að eflingu sviðsins.					
Markmið og árangur 2020-2023 - Kjarnastarfsemi	Aðgerðir				Árslok 2021
B1 Að efla mannauð og ímynd FVA	B1.1 Bæta þætti sem lægstir mælast í SFR könnun (laun, ímynd, jafnrétti) og hækka einkun FVA; endurskoða stofnanasamninga en nýr stofnanasamningur við kennara var undirritaður vorið 2020 eftir áralangt þóf. Endurskoðun á áætlun fyrir lok árs 2021.				



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

	B1.2 Bjóða upp á og taka starfsmannasamtöl reglulega og markvisst næstu 3 árin, endurskoða starfsmannastefnu, huga að samskiptasáttmála og innleiða áfram lýðræðislega kennslu- og stjórnunarhætti. Vinnuhópur hóf vinnu að mannauðsstefnu á árinu með aðkomu starfsmanna, í anda lýðræðislegra vinnubragða og er ætlað að hún liggir fyrir vorið 2021. B1.3 Standast úttekta á jafnlaunakerfi og hljóta jafnlaunavottun. Innri úttektir og launagreining unnir á árinu. Kerfið tekið út í des. 2020 og viðhaldsvottun staðfest án athugasemda. Áfram unnið að virkju jafnlaunakerfi og viðhaldsvottun í desember 2021.				
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020 og 2021		Vor 2020	Árslok 2020	Vor 2021	Árslok 2021
Staða FVA í Stofnun ársins (viðmið 2021 er 4,2)		3,98		á.e.v.	4,2
Fjöldi starfsmannasamtala (viðmið 2021 er 100%)		50%		á.e.v.	100%
Standast úttekt fyrir jafnlaunavottun (viðmið 2021 er staðfest vottun)		Vottun		á.e.v.	Vottun staðf. 30.12.21
B1.1; Árangur 2020: Stofnanasamningur við kennara undirritaður; Árangur 2021: Árangur náðist í settum markmiðum um árangur í Stofnun ársins; stofnanasamningur kennara var endurskoðaður og samþykktur fyrir lok ársins og í árslok eru fyrirbyggjandi gildir stofnanasamningur fyrir allt starfsfólk í öðrum stéttarfélagum. B1.2; Árangur 2020: Mótun mannauðsstefnu hófst og starfsmannasamtöl framkvæmd (um 50%), bæði lengri samtöl og snerpúsamtöl í kjölfar kennslukannana; Árangur 2021: Mannauðsstefna FVA samþykkt; fjöldi starfsmannasamtala nær 100% (heildarfjöldi starfsfólks var 68 á báðum önnum og starfsmannasamtölin voru 63. Tveir starfsmenn voru í leyfi (námsleyfi og fæðingarorlof) og nokkrir starfsmenn í tímabundnu starfi sem ekki fengu starfsmannasamtöl en fengu engu síður eftirfylgdarsamtal um starfið og reynsluna af því). Snerpúsamtöl voru tekin við kennara í kjölfar kennslukannana. Áhersla er á lýðræðislega kennslu- og stjórnunarhætti, s.s. með því hlusta á tillögur og hugmyndir nemenda og kalla eftir tillögum starfsfólks um nálgun við verkefni og þátttöku í þeim. Ekki náðist markmið um samskiptasáttmála og flyst verkefnið til ársins 2022. B1.3; Árangur 2021: Viðhaldsúttekt nr. 2 á jafnlaunakerfinu var framkvæmd í desember 2021 og jafnlaunavottun staðfest.					
Markmið og árangur 2020-2023 - Kjarnastarfsemi	Aðgerðir				Árslok 2021
B2 Að bæta stafræna þjónustu og gagnavörslu	B2.1 Innleiðing á Office365 hófst 2019 og er nú lokið og innleiðing á GoPro hófst 2020. Boðið upp á skipulagða GoPro og Office365 fræðslu fyrir stjórnendur og námsráðgjafa. Kom til framkvæmda á árinu og verður viðhaldið áfram á árinu 2021, s.s. með reglubundnum örfundum fyrir notendur GoPro um skjölun mála og áframhaldandi fræðslu fyrir kennara um rafræna kennsluhætti o.fl. (Inna og Teams).				
	B2.2 Hefja innleiðingu á rafrænum undirskriftum ráðningarsamninga gegnum Orra. Undirbúningur hófst á árinu og gert ráð fyrir að tvær fyrstu rafrænu undirskriftirnar yrðu í janúar 2021. Undirbúningur að því að allir ráðningarsamningar, þ.m.t. rafrænar undirskriftir þeirra, fari í gegnum Orra á árinu 2021.				
	B2.3 Sniða nýjan vef FVA með rafrænum skráningarmöguleikum. Undirbúningur að nýjum vef skólans hófst á árinu 2020 og í lok árs lá fyrir að hann færi í loftið í janúar 2021 og reynir þá m.a. á möguleika hans á Opnum dögum 2021 þar sem nemendur geta skráð sig á viðburði. Rafræn eyðublöð fyrir umsóknir (afrekssvið, námsstyrkur) voru komnar á vefinn ásamt möguleika á rafrænum tilkynningum um einelti og ofbeldi.				
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020 og 2021		Vor 2020	Árslok 2020	Vor 2021	Árslok 2021
Fjöldi skjala í GoPro (viðmið 2021 er 750 mál og 5600 skjöl; málin voru 343 í árslok 2020 og samtals 2600 skjöl m.v. okt. 2020 (í árslok 2019 var málafjöldinn 29 mál og 170 skjöl))*		-	343 mál í árslok 2600 skjöl í okt.	-	751 mál 3865 skjöl
Rafræn eyðublöð á vef (viðmið 2021 er 50%)		-			
Rafræn undirskrift ráðningarsamninga (viðmið 2021 er 50%)		-			



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

B2.1; Árangur 2021: Reglubundnir örfundir með GoPro notendum voru haldnir, samtals 15 fundir á árinu. Áframhaldandi fræðsla var fyrir kennara um rafræna kennsluhætti gegnum Innu og Teams. Hafinn undirbúningur að því að skólinn færi í Menntaskýið í ársbyrjun 2022. B2.2; Árangur 2021: Auglýst voru 8 störf í gegnum Orra og allir ráðningarsamningar með rafrænum undirskriftum (samtals 15, 8 vegna auglýstra starfa og aðrar 7 ráðningar án auglýsingar (tímabundnar afleysingar sem ekki var skylt að auglýsa). Viðmið fyrir árangur var 50% en niðurstaðan var 100% árangur. B2.3; Árangur 2021: Öll eyðublöð, s.s. umsóknir, voru gerð rafræn árinu og árangur því 100%. Einnig var virkjaður möguleiki á tilkynningum í gegnum vefinn, s.s. ábendingahnappur v. meints eineltis. Þá nýttist vefurinn á Opnum dögum fyrir skráningu á viðburði. Til viðbótar hófst undirbúningur að því að húsaleigusamningar v. búsetu á heimavist yrðu með rafrænni undirskrift frá og með vorönn 2022. *Þegar markmið varðandi fjölda skjala og mála í GoPro voru sett á árinu 2020 var innleiðingarferli GoPro rétt að hefjast og rennt blint í sjóinn með hvaða mælikvarðar á árangur gögnuðust best. Í ljós er komið að endurskoða þarf árangursmælikvarðana: Áætlaður fjöldi mála í árslok er samkvæmt áætlun en það á ekki við um fjölda skjala, m.a. annars vegna þess að fjöldi safnmála er meiri en séð var fyrir í upphafi. Á fyrri hluta árs 2022 verður unnið að því að endurskoða mælikvarða á árangur vegna gagnavörslu og stafrænnar þjónustu, svo sem að bera árangur saman við þroskamódel þjóðskjalasafns (4 þroskastig).				
Markmið og árangur 2020-2023 - Kjarnastarfsemi	Aðgerðir			Árslok 2021
B3 Að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og ýta undir vistvænar samgöngur	B3.1 Innleiða Græn skref og viðhalda Grænfána. Innleiðing Grænna skrefa hófst 2020, einu skrefi var lokið og viðmið sett um að 2021 yrði þremur skrefum lokið. Krafa ráðuneytis er að öllum fimm skrefum verið lokið fyrir lok árs 2021 og verður vinnu við innleiðingu á árinu hraðað í samræmi við það. Aðstoðarskólameistari og formaður umhverfisnefndar leiða vinnuna. FVA fékk afhentan Grænfánann árið 2019. Formaður umhverfisnefndar skólans fylgir málum eftir og vinnur að því að tryggja endurnýjun árið 2021.			
	B3.2 Koma upp hleðslustöð fyrir rafbíla við skólann. FVA fékk styrk frá Orkusjóði til að koma upp hleðslustöð fyrir rafbíla og verður hún reist á vegum Ísorku þegar frost fer úr jörðu á vordögum 2021.			
	B3.3 Hvetja til orkusparandi aðgerða og skrifa loftslagsstefnu. Hafin vinna í des. 2020 að því að fræða starfsfólk og nemendur um mögulegar orkusparandi aðgerðir, þ.m.t. gera samgöngusamninga við starfsfólk. Á vorönn 2021 verður haldið áfram að hvetja nemendur og starfsfólk til orkusparandi aðgerða, kynna loftslagsstefnu og aðgerðalista til að uppfylla hana.			
Mælikvarðar á árangur og staðan í árslok 2020 og 2021	Vor 2020	Árslok 2020	Vor 2021	Árslok 2021
Græn skref, gátlistar (Viðmið 2021 er öll fimm skrefin)	-	1		3
Grænfáni endurnýjaður (Viðmið fyrir endurnýjun er árið 2021)	Grænfáni			
Notkun hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla í Kw. Stöðin var tekin í gagnid í nóvember 2021. Í árslok voru W samtals 931902	-			
Loftslagsstefna fyrirbyggjandi ásamt aðgerðalista (Viðmið 2023 en verður hraðað)	-			
B3.1; Árangur 2021. Viðmið ráðherra um fimm skref náðist ekki. Í árslok 2021 eru 4. og 5. skref í vinnslu og ætlað að við náum 4. skrefinu vorið 2022. Endurnýjun á Grænfána náðist ekki á árinu en er í vinnslu. B3.2; Árangur 2021 var 100%. B3.3; Árangur 2021 Loftslagsstefna var gefin út 14.9.2021 og kynnt nemendum og starfsfólki. Allir voru hvattir til orkusparandi aðgerða, s.s. með flokkun úrgangs og með samgöngusamningum. Á árinu voru gerðir 19 samningar við starfsfólk (um 30% árangur). Ekki náðist að gera samninga við nemendur á árinu en fyrirhugað er að gera betur á næsta ári og halda á lofti umræðu um orkusparandi aðgerðir meðal starfsfólks og nemenda (koma umræðunni inn í lífsleiknitíma).				

Áhersluverkefni – framvinda og ávinningur

Auk tíundaðra aðgerða í tengslum við markmið stefnumiðaðrar áætlunar í kaflanum hér á undan eru mörg önnur verkefni í gangi á hverjum tíma. Væntur ávinningur eða markmið er skilgreint í hverju verkefni fyrir sig eftir því sem við á. Reglubundið er lagt mat á hvort framvinda er í samræmi við væntan árangur og brugðist við eftir því sem við á, t.d. með því að endurskoða og meta hvort önnur nálgun kann að vera árangursríkari eða hvort þolinmæði og hvatning er það sem til þarf.

Eftirfarandi verkefni voru á dagskrá á árinu 2021 og verða áfram í vinnslu á næsta ári/árum.

- Mótun heildstæðrar stefnu um nám og kennslu – menntastefna sem tryggir samræmi milli stefnu skólans, gildandi stefnu yfirvalda og skólayfirvalda í nærsamfélaginu (styður jafnframt við heimsmarkmið SP um að



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

auka gæði menntunar í framhaldsskólum). Vinna hófst á haustdögum og stefnt er að því að henni verði lokið við upphaf haustannar 2022.

- Innleiðing gæðahandbókar á vefnum til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu er í vinnslu; nokkur seinkun hefur orðið á innleiðingarferlinu en í árslok 2021 er fyrirsjáanlegt að gæðahandbókinni verður hleypt af stokkunum á vorönn 2022.
- Áfram var unnið með gátlista Landlæknis undir merkjum Heilsueflandi framhaldsskóla. Ávinningurinn hefur einkum falist í því að greina tækifæri til umbóta, nemendum til heilla og til að bæta líðan þeirra. Ákveðið var að taka einnig í notkun gátlistann Heilsueflandi vinnustaður á árinu 2022 til að nýta í tengslum við heilsueflingu starfsfólks. Ákveðin skörun er á milli þessara gátlista en flest viðmiðin þó ólík.
- Stöðugt er hugað að forvörnum gegn heilsuspillandi lífsstíl sem hamlar í námi og starfi. Útivist, hreyfing, svefn, mataræði og samvera af því tagi sem ekki er í mótsögn við sóttvarnir vegna covid19 var á dagskrá allt árið til að styðja við heilbrigðan lífsstíl sem endurspeglast í bættri líðan. Nefna má t.d. Tene-verkefnið (sjá í inngangi) og reglubundnar gönguferðir þar sem bæði starfsfólk og nemendur geta tekið þátt. Á árinu 2021 varð grænkerafæði valkostur hjá mótuneytinu alla skóladaga í hádeginu og orkudrykkir eru ekki seldir í skólanum.
- Unnið var að úrbótum á heimavist á árinu í kjölfar úttekta, þak var endurnýjað, gert við múrverk og gler endurnýjað að hluta en í árslok er enn um helmingur baðherbergja eftir auk fleiri atriða. Á árinu var lokið við viðgerðir utanhúss á málmíðnaðarhúsinu. Kallað hafði verið eftir úttekt á B-byggingu og í kjölfar hennar farið í umbætur: Lokið var við 3 stofur og í framhaldi farið í úrbætur á neðstu hæð (starfsbraut o.fl.). Framkvæmdum er ekki lokið í árslok og miðar hægar en vonir stóðu til.
- Starfsemi deilda er stöðugt í þróun og hana þarf að aðlagja þörfum nemenda hverju sinni. Til þess að fylgja þessu eftir eiga skólastjórnendur reglubundið samtöl við deildarstjóra um stöðuna hverju sinni, námsframboð og námsefni.
- Áfram var unnið gegn brotthvarfi úr námi með markvissum aðgerðum og stuðningi, s.s. viðtöllum við nemendur í upphafi annar og eftirfylgd við þau af hálfu náms- og starfsráðgjafa. Stuðningur við viðkvæma hópa verður í forgrunni.
- Lýðræðislegir og nútímalegir starfshættir þróaðir áfram; þannig var aukið samtal við starfsfólk og nemendur í tengslum við ákvarðanir og umbótaverkefni. Nefna má lýðræðisfund í mars 2021 með nemendum og starfsfólki og þátttöku starfsfólks í endurskoðun á almennun hluta námskrár skólans (sjá í inngangi) og fleiri skólaþróunarverkefnum. Þessu verður framhaldið á árinu 2022.
- Mótun samskiptasáttmála í samstarfi við nemendur og starfsfólk á árinu 2022 í samræmi við markmið um eflingu mannauðs (B1)
- Mótun gátlista fyrir skólastarf með mannréttindi að leiðarljósi ljúki haustið 2022 – til leiðbeiningar fyrir starfsfólk til að auka vitund um gildi fjölbreytileikans og efla virðingu fyrir honum og öðrum grundvallarmannréttindum.
- Virkt jafnréttisstarf sem birtist m.a. í aukinni þátttöku stúlkna í félagsstarfi innan skólans. T.d. var hlutdeild stúlkna í nemendafélaginu (NFFA) aukin á árinu 2021 sem og í öðrum nefndum/ráðum/verkefnum. Sjá jafnréttisvísi í [Jafnréttisskýrslu vegna 2021](#).
- Í góðu samstarfi mótuneytis skólans og umhverfisnefndar var spornað gegn matarsóun; ávinningurinn styður uppfyllingu Grænna skrefa og heilbrigðan lífsstíl.
- Unnið að nýsköpun í rekstri, s.s. með fjarfundum og aukinni stafrænni þjónustu (rafrænar undirskriftir og eyðublöð á vefsíðu). Verður þróað áfram.
- Lokið við mótun aðgerða vegna „betri vinnutíma“ (þó ekki KÍ starfsfólk). Ávinningur birtist m.a. í upplifun starfsmanna á því að þeir njóti sveigjanleika og nái betra jafnvægi milli starfs og fjölskyldu. Verður fylgt eftir á árinu 2022.
- Bæta þarf skráningu starfsmannupplýsinga í launa- og mannauðskerfi ríkisins á komandi ári til að auðvelda utanumhald um ýmsa tölfræði, s.s. menntunarstig starfsfólks, starfsþróun o.fl. sem styður við góða stjórnun.
- Vinna áfram að því að jafna kynjadreifingu í verknámi þar sem karlar eru í meirihluta (heimsmarkmið Sp). Á árinu 2021 fengum við fyrstu konuna til kennslu í hefðbundinni karlagrein og studdum konur í náminu sérstaklega með fundum með þeim.
- Á seinni hluta ársins hófst vinna í samstarfi við nokkra aðra framhaldsskóla um gerð verklagsreglna um meðferð persónuupplýsinga og lýkur þeirri vinnu á vordögum 2022. Ágætlega gengur að uppfylla lög um persónuvernd. Við erum með gilda [persónuverndarstefnu](#) og vinnslusamninga við þá sem vinna með persónuupplýsingar fyrir okkur (í lok árs 2021 eru þrír sem út af standa í smíðum); skjalastjórnunarkerfið GoPro leiðir okkur áfram í að koma öllum persónugögnum á réttan stað í kerfinu; við kynnum persónuvernd fyrir nemendum (s.s. reglur um myndbirtingar og upptökur (hljóð og mynd)) og förum árlega yfir reglur og leiðbeiningar með starfsfólki.



E) Fjármál – rekstur FVA

	2021	2020
Aðrar rekstrartekjur	-6.252.000	-5.472.000
Samtals aðrar rekstrartekjur	-6.252.000	-5.472.000
Sértekjur	-54.918.140	-36.453.572
Samtals sértekjur	-54.918.140	-36.453.572
Dagvinna	452.819.292	442.440.667
Vaktaálag	1.801.388	1.830.494
Aukagreiðslur	10.304.847	11.853.811
Yfirvinna	78.242.389	76.865.872
Launatengd gjöld	125.161.620	123.630.960
Orlof	3.330.591	7.834.182
Samtals launagjöld	671.660.127	664.455.986
Ferða og dvalarkostnaður erlendis		133.251
Fundir, námskeið og risna	1.643.053	2.050.697
Akstur	1.329.577	691.477
Samtals ferðir og fundir	2.972.630	2.875.425
Tímarit, blöð og bækur	887.627	1.023.212
Skrifstofuvörur og áhöld	2.998.280	1.939.794
Aðrar vörur	26.049.626	15.416.221
Samtals rekstrarvörur	29.935.533	18.379.227
Tölvu og kerfisfræðipjónusta	12.082.102	8.824.922
Önnur sérfræðipjónusta	12.905.994	10.330.870
Sími og ýmis leigugjöld	8.011.064	5.429.972
Prentun, póstur, augl., flutningar	1.656.813	1.438.866
Samtals aðkeypt þjónusta	34.655.973	26.024.630
Húsaleiga og aðk. ræsting	187.221.952	178.702.808
Rafmagn og heitt vatn	7.118.785	6.616.900
Verkkaup og byggingavörur	1.889.461	633.039
Fasteignagjöld og tryggingar		102.448
Samtals húsnaði	196.230.198	186.055.195
Verkstæði og varahlutir	2.299.813	282.097
Brensluefni og olíur	110.655	15.067
Samtals bifreiðar og vélar	2.410.468	297.164
071 Vextir, bætur, skattar	372.455	136.601
072 Afskriftir eigna	11.325.702	10.075.271
Samtals rekstrarkostnaður	11.698.157	10.211.872
101 Framlag ríkissjóðs	-882.671.463	-857.209.184
102 Framlag til afskrifta	-11.325.702	-10.075.271



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Samtals framlag ríkissjóðs	-893.997.165	-867.284.455
Rekstrarafkoma	-5.604.219	-910.528

Ársvelta á árinu 2021 var 955,2 milljónir kr. samanborið við 909,7 milljónir kr. árið 2020 og afkoman 5,6 milljónir kr. samanborið við 0,9 millj. kr. á árinu 2020. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 91,4 milljónir í árslok og eignir samtals 206,8 milljónir.

Sértekjur skólans á árinu námu 54,9 millj. kr. samanborið við 41,9 millj. kr. á árinu 2020.

Framlag úr Ríkissjóði til skólans nam 894 millj. kr. samaborið við 867,3 millj. kr. árið 2020.

Heildargjöld skólans á árinu 2021 námu 949,6 millj. kr. en á árinu 2020 voru heildargjöldin 909,0 millj. kr.

Í lok árs 2021 var framlag til FVA skert um 8,2 milljónir kr. vegna minna umfangs starfsbrautar m.v. áður gerðar áætlanir. Auk þess sem 63,4 milljónir kr. voru færðar í varasjóð MRN.

G) Prófíll FVA

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Fjölbrautaskóli Vesturlands er með um 480 nemendur og um 70 starfsmenn í alls um 57 stöðugildum (meðaltal alls ársins). Skólinn starfar í um 7.330 m² húsnæði auk rúmlega 1.250 m² heimavistar. Áætlaðir ársnemendur samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2021 voru 480.

Námsframboð:

Skólinn starfar eftir áfangakerfi. Á vorönn 2021 voru 76% nemenda í dagskóla og 24% í dreifnámi. Á haustönn 2021 voru 74% nemenda í dagskóla og 26% í dreifnámi. Sjá skiptingu nemenda eftir brautum í töflu á bls. 6, 7 og 8.

Framkvæmd markmiða:

Mörg markmið voru sett fram til þriggja ára í uppfærðri áætlun/stefnuskjali á árinu 2020 og þeim fylgt eftir á árinu 2021. Hluti þeirra átti rót í eldri markmiðum en önnur þeirra voru ný. Til viðbótar er yfirlit yfir önnur áhersluverkefni og aðgerðir á árinu 2021 sem tengjast skólastarfinu. Sjá nánar á bls. 13-17.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins og starfseminnar fer fram árlega og eru niðurstöður teknar saman í skýrslu sem skilað er til ráðuneytisins, síðast í september 2021. [Skýrslur um Innra mat](#) eru aðgengilegar á vef skólans. Á árinu var unnið að því að styðja við lýðræðisleg vinnubrögð, s.s. með lýðræðisfundi nemenda og starfsfólks og aukið samtal skólastjórnenda og starfsfólks.

Úttektir:

[Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi sem Menntamálastofnun fól Gát sf. að annast árið 2017](#). Niðurstaðan er aðgengileg á vef FVA.



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

Rekstrarstaða, afkoma:

Ársvelta á árinu 2021 var 955,2 milljónir kr. samanborið við 909,7 milljónir kr. árið 2020 og afkoman 5,6 milljónir kr. samanborið við 0,9 millj. kr. á árinu 2020. Hrein eign FVA er skv. efnahagsreikningi 91,4 milljónir í árslok og eignir samtals 206,8 milljónir.

Brottfall:

Brottfall (% eininga) á vorönn 2021 var 4,75% eininga en 6,11% eininga á haustönn.

V-2015	H-2015	V-2016	H-2016	V-2017	H-2017	V-2018	H-2018	V-2019	H-2019	V-2020	H-2020	V-2021	H-2021
3%	4%	2,70%	2,50%	2,80%	4,50%	2%	3,40%	4,50%	6,40%	4,30%	5,50%	4,75%	6,11%

Stjórnun:

Stjórnun er í höndum skólameistara, ásamt aðstoðarskólameistara, áfangastjóra, fjármálastjóra, gæðastjóra og níu deildarstjóra.

Samvinna við aðra:

FVA á samvinnu við skóla, fyrirtæki og stofnanir á Vesturlandi og víðar, þ.m.t. grunnskóla, framhaldsskóla, fyrirtæki og stofnanir. Skólinn á einnig samstarf við skóla erlendis.

Sérstakar áherslur / sérsvið FVA

FVA er hefðbundinn bóknáms- og verknámsskóli sem þjónar nemendum úr nágrannasveitarfélögum á Vesturlandi. Í verknámi er hægt að leggja stund á vélvirkjun, húsasmíði og rafvirkjun í dagskóla. Þá er í boði dreif- og helgarnám í vélvirkjun, húsasmíði og á sjúkraliðabraut. Við skólann er starfrækt heimavist með plássi fyrir 30-60 nemendur og öflug starfsbraut.

Sérstaða FVA felst m.a. í afreksíþróttasviði í samstarfi við Akraneskaupstað og íþróttafélögin á svæðinu, sterkum tengslum við skóla og atvinnulíf á svæðinu, notalegu andrúmslofti og persónulegri þjónustu við nemendur.

H) Fylgiskjöl

Tímalínur

Tímalínur aðgerða og viðbragða á árinu 2021 tengdar gildandi reglum hverju sinni um samkomubann vegna covid19



Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Upphaf vorannar 2021 - allt að komast í gang!
Allt skv. reglugerð sem gildir frá 1.1.21 til og með 28.2.21: Fyrstu dagana er blanda staðnáms og fjarnáms en staðnáms frá 11. jan. (nokkur atriði, s.s.: grímskylda, mest 30 í rými, 2ja m regla, blöndun nem. milli hópa heimil í kennslu, persónulegar sóttvarnir).

Allt gengur vel – höldum áfram að þvo hendur, spritta, svo gríman og haldja fjarlægð! Allir viðburðir markast af sóttvarnarreglum, s.s. stuðningur við Gettu betur, gerð kynningar-myndbands um FVA og heilsu- og kolefnis-jöfnunarverkefnið Göngum til Tene

Aðeins slakað á í skólanum – á grundvelli minnisblaðs sóttvarnalæknis sem gildir frá 1.3. til 30.4.: 1 m fjarlægð hið minnsta en annars grímskylda; 150 manns mega koma saman en þó ekki fleiri en 50 starfsmenn, fjórir saman við borð í mótuneyti! Áfram gildir handþvottur, sprittun, gríma, sóttþreinsun snertiflata og ábyrgð hvers og eins á eigin sóttvörnum!

Þetta var skammgóður vermir – Ný Covid-bylgja mögulega í uppsiglingu. Ný reglugerð nr. 191 með hertum sóttvarnarreglum tók gildi 24.2.-30.4. en til viðbótar reglugerð 322 þann 25.3. sem gildir til 31.3.: Staðnám óheimilt! Okkar þauvönu kennarar skiptu yfir í fjarkennslu á nýll einni síðustu tvo daga fyrir dýmbilviku og kennsla féll því ekki niður. Svo er að sjá hvað verður eftir páskafrí!



TÍMALÍNA AÐGERÐA HIJÁ FVA
V. COVID-19 JAN-MAÍ 2021

Frá 16.4. er 1m leyfileg fjarlægð í stað 2ja m! Mitt í þessu öllu náðum við til Tene, göngum, hjólum og syndum sem aldrei fyrr og ætluð heim aftur fyrir 12. maí, vorið kallar! Gætum áfram að sóttvörnum. Ljóst að dimmission verður ekki með hefðbundnum hætti. Leitað að skapandi lausnum með nemendum!

Annarlok vorið 2021
Húrra! Nýjar reglur í gildi til 16. júní gera kleift að brautskrá á sal þann 28. maí með 150 manns; Forskráð í sæti en athöfnin einnig send út í streymi. Þetta hafðist en margir nemendur orðnir lúnir. Nú þurfa allir að safna kröftum fyrir næsta skólaár...og stefnum á að það verði án Covid-19!




Staðnám hefst á ný í öllum áföngum!
Áfram grímskylda (grímur afhentar í skólanum); sprittstöðvar á öllum göngum; hver og einn gættir að sjálfum sér. Innangengt milli sóttvarnarhólfa, hægri umferð; alls staðar forðast hópamyndun. Kennslustofur opnar, fyrsti nemandi inn sest innst og svo koll af kolli; allir taka þátt í að sóttþreinsa snertifleti. Mótuneyti: 30 manns í þremur hölfum! Bókafni: 30 manns, 2 m regla/gríma. Tölvuvör: Óþið, 2 m regla/gríma, spritta lyklaborð og mús. Heimavist: Opin, grímur í sameiginlegum rýmum, sóttþreinsa snertifleti í eldhúsi eftir notkun!

...og enn gengur allt vel - áhersla á heilbrigða lífshætti þó skuggi Covid vofi enn yfir; við náðum til Tene í samræmi við áætlun, borðum frían hafragraut á morgnana í mótuneytinu, göngum, hjólum, lærum og njótum samvista í samræmi við sóttvarnarreglur!

Höldum okkar striki - en virðum áfram sóttvarnarreglur! Víkulegri núvítunarpálfi fyrir nemendur og starfsfólk komið á; áfram hugað að heilsunni og umhverfismálum, s.s. með samningi um vistvarnargöngu til og frá skól; Opnir dagar '21 haldnir að venju, umbótavinnustofur starfsfólks og nemenda fóru fram og árshátið NFFA; allt haldið með sniði sem féll að boðum og bönnum sem Covid setur okkur!

Páskar liðnir og við tekur næsta lota í kófinu: Núgildandi reglur halda til 15. apríl: Hámarks-fjöldi starfsfólks og nemenda í rými: 30. Lágmarksfjarlægð milli einstaklinga: 2 metrar. Grímunotkun: Þar sem 2 metra bil er ekki mögulegt. Heimilt að fara á milli hópa ef gætt er að ýrtruð sóttvörnum og snertifletum á milli hópa. Sameiginlegir gangar (innangengt, gætt yfir, snyrting og gangar). Heimilt að vinna grímur eru notaðar til tákennsla: Heimil með sömu tákmarkunum og önnur kennsla (Covid-19): **Við getum þetta saman!**

Vinna og gaman á lokametrum vorannar 2021 þrátt fyrir Covid:
Náðum heim frá Tene 4003 kl. Ferð á gosstöðvornar í þessum með nýjum hópum á matsdag. Rýmkað og gætt í gildi frá 10.-26. maí. Grímskylda ef fjarlægð undir 1m; heimilt að blanda hópum og fara milli rýma...þetta stýfir við aukin tækifæri fyrir félagslífi nemenda; Undirbúningur að brautskráningu hafinn: Draumur um enn rýmkaðri fjöldatakmörkun, sjáum til þann 26. maí! ...ekki má gleyma því að bólusetning starfsfólks gegn Covid er hafin og lýkur í júní, skv. [bólusetningardagatali](#)!



Fjölbrautaskóli Vesturlands
á Akranesi

Upphaf haustannar 2021
29.7. var öllum kenndur um starfsföngnum skóla sem fengu Jansen bólusetningu um vorið boðinn örvarnarskammtur (Pfizer/Moderna) og því flestir komnir með skammtinn þegar skólinn hefst.

Allt gengur vel – en förum áfram varlega. [Viðmóðunarreglur um sóttkví til að draga úr útbreiddslu Covid-19](#) birt í Skruddu...og áfram minnt á grímskylduna, 200 manna samkomutakmörkun og persónulegar sóttvarnir.

Aðeins slakað á í skólanum – Útlit fyrir að kórónuveiran sé á undanhaldi og stefnt að dimmission 2. desember. Fyrsta ball nemendafélagsins frá því fyrir Covid 19 snemma árs 2020 var haldið 30.9.; allir fóru áður í hraðþróf – enginn smitaður og ballgestir gátu því skemmt sér án grímu og fjarlægðarmarkar: Mikil gleði meðal tæpalega 300 nemenda sem voru á ballinu!

Þetta var skammgóður vermir – Smittölur hækkaði og hert á takmörkunum á ný, grímunotkun skylda og 1 metra fjarlægðarmörk. Ekki verður af Tæknissessu og fyrirvalaust skipt yfir í fjarkennsluhætti. Smítaðir fóru í einangrun en í sóttkví og smitgát þeir sem þar áttu heima. Allir snertifletir í skólalúsnæðinu sóttþreinsaðir, grímskylda sett á göngum í samræmi við [reglugerð](#) um hertar sóttvarnaðgerðir. **Við getum þetta saman!**



TÍMALÍNA AÐGERÐA HIJÁ FVA
V. COVID-19 ÁGÚST – DES. 2021

Smit kvikna áfram - Fyrirhugað ball nemenda 2. des. er í uppnámi og yfirhugaðri samkomu starfsfólks frestað. Allar sóttvarnarreglur í hávegum hafðar í skólanum, erum heima og drifum okkur í hraðþróf ef við erum lasin og virðum fyrir mæli rakningar-teymis og skólafyrirvalda...í þágu okkar allra.

Brautskráning 18. des. og annarlok haustið 2021
Í ljósi fjölda greindra Covid tilvika (omicron afbrigðið) á Akranesi fara útskriftarnemendur (45) í hraðþróf fyrir athöfnina. Sama gildir fyrir gesti þeirra (um 150). Grímskylda og handspritt við innangang og snertifletir sóttþreinsaðir fyrir og eftir athöfn. Þannig lýkur 4. önn skóla-starfsins fyrir áhrif Covid 19.




Kennsla hefst!
Með auknum fjölda smita af Covid 19 veirunni í samfélaginu er grímskylda í skólanum og 200 manna samkomutakmörkun en þó engin holf og blöndun milli hópa leyfileg. Gætum að persónulegum sóttvörnum, höldum eins metra fjarlægð; þvöum og sprittum hendur; nemendur skiptast á um að spritta skólaborð í kennslustofum að lokinni kennslustund og borð í matsal að loknum morgun- og/eða hádegisverði.

...og enn gengur allt vel - [Nýja stafræn reglugerð varðandi samkomutakmarkanir](#) gildir til 6.10.21: Hjá okkur þýðir hún 1 m regluna áfram, grímskylda á göngum og í matsal en má taka grímu niður í kennslustund og þegar matast er; áfram þvo hendur, spritta og nota grímu...og spritta borðin!

Grímskylda áfrumun......og almennar fjöldatakmörkunir verða 2000 manns frá 20. okt. í skólanum viðhöfum við áfram persónulegar sóttvarnir, sprittum hendur og snertifleti (borð) í kennslustofum og mótuneyti, höldum fjarlægð og erum heima ef við erum lasin! Tæknissessa með fjölda gesta fyrirhugað 4. nóv. 2021.

Staðkennsla hefst að nýju þann 10. nóvember: Við tökum grímskylduna alvarlega, sóttþreinsu borð og snertifleti og höldum fjarlægð! Í ljósi aðstæðna aflýsum við fjöldasöng sem átti að vera í salnum og fellum niður fyrirlestur frá KVAN...en munum fagna þegar samkomutakmörkunum verður aflétt.

Vinna og gaman á lokametrum haustannar 2021 þrátt fyrir Covid:
Ekki varð af balli þann 2. des en Útskriftarnemar sprella og gera sér glaðan dag en viðhafa allar sóttvarnir í sínum leik. Svo er prófatíð framundan, samhlíða annarlökum og jólaundirbúningi. Brautskráning er undirbúningur áhrifum Covid.



FVA - Við gefumst aldrei upp þó móti blási!